

bænda
FERÐIR

SRI LANKA - PERLA INDLANDSHAFS -



23. mars - 6. apríl 2026
Fararstjórn: Marianne Eiríksson

Ferðalýsing

Sri Lanka, oft kölluð perla Indlandshafs eða tár Indlands, er eyja stórbrotins margbreytileika og menningarlegra hápunkta. Endalausar strandir, tímalausar rústir, fjölskrúðugt dýralíf, frægt te og bragðmikill matur. Heimamenn þessarar mikilfenglegu eyju eru þekktir fyrir gestrisni og hjartahlýju. Allt þetta gerir **Sri Lanka** að mögnuðum áfangastað. Það er stöðug tilbreyting í landslaginu, grænir regnskógar, þykkir frumskógar, fagarar strendur, hálendissskógar og votlendissvæði. Hér má finna allt frá grösugu flatlendi til hálendis sem einkennist af terækt og græna hitabeltissvæðinu í suðri. Við skoðum höfuðborgina **Colombo** og ferðumst um Menningarþríhyrning Sri Lanka þar sem hægt er að finna marga staði sem eru á heimsminjaskrá UNESCO. Þar má nefna Sigiriya steinvirkið á Ljónakletti, **Polonnaruwa** sem eitt sinn var höfuðborg landsins og **Gullhofið í Dambulla**. Við fáum tækifæri til að skoða **filaathvarf í Pinnawala**, Konunglega grasagarðinn í Peradeniya og höfuðborg tesins, Nuwara Eliya, eða *litla England* eins og hún hefur stundum verið kölluð. Við kynnum okkur kryddmenningu og terækt og fáum tækifæri til þess að upplifa menningu landsins á þjóðlegri sýningu og við athöfn búddamunka í Tannhofinu í **Kandy**. Við munum einnig kynnast dýralífi landsins í safarí ferð um **Yala þjóðgarðinn** og njótum síðan lífsins á ströndum **Ahungalla** áður en heim er haldið. Hér er um að ræða ógleymanlega ferð sem skilur eftir ljúfar og litskrúðugar minningar.



23. mars | Ferðadagur

Brottför frá Keflavík kl. 7:50. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Við fljúgum fyrsta legginn í morgunflugi með Icelandair frá Keflavík til Oslóar og lendum þar kl. 11:35. Eftir hádegið fljúgum við áfram með Emirates flugfélaginu frá Osló til Colombo með stuttu stoppi í Dubai. Flogið verður kl. 14:00 frá Osló og lent í Dubai kl. 23:55 þaðan sem verður haldið áfram til Colombo kl. 02:40 og lent þar kl. 08:25 að morgni 24. mars.

24. mars | Lent í Colombo

H / K

Við lendum á Colombo flugvelli kl. 08:25 að staðartíma. Eftir vegabréfsskoðun keyrum við inn í höfuðborgina Colombo þar sem við fáum útsýnistúr áður en haldið er á hótelið til hádegisverðar. Hótelið okkar er vel staðsett, við Beira vatnið, í hjarta borgarinnar. Hér gistum við í tvær nætur.

25. mars | Skoðunarferð um Colombo & Kelaniya hofið

M / H / K

Eftir morgunverð á hótelinu höldum við í skoðunarferð um borgina. Við ökum meðfram Crystal White Race Course veðhlaupabrautinni, sem komið var á fót af nýlendustjórn Breta árið 1893, og World War II Airstrip flugbrautinni sem gegndi mikilvægu hlutverki í vörnum bandamanna í seinni heimstyrjöldinni. Við sjáum Pettah



verslunarhverfið þar sem gefur að líta fljótandi markað við Beira vatnið. Þar eru einnig litlar þröngar götur með sölubásum og fjölskrúðugt mannlíf. Við förum út fyrir borgina þar sem við skoðum Kelaniya Rajamaha Viharaya búddahofið en saga þess spannar yfir 2000 ár. Sagan segir að Búdda hafi heimsótt Kelaniya og predikaði þar sem hofið stendur, við Kelani ána. Hofið er eitt það mikilvægasta á Sri Lanka og þangað kemur fólk hvaðanæva af landinu, þar fara fram trúarathafnir og margar árlegar hátíðir. Við Kelaniya hofið er fagurt umhverfi, tilkomumiklar byggingar, sérstæðar höggmyndir, áhugaverð myndlist og fallegar skreytingar. Við höldum aftur inn í borgina og skoðum annað hof, Gangaramaya, sem er eitt það elsta í Colombo. Þar gætir áhrifa frá Sri Lanka, Indlandi, Taílandi og Kína í byggingarlist sem gerir hofið einstakt. Í Gangaramaya hofinu eru margir helgir gripir og þar leita sanntrúaðir búddistar og píligrímar andlegrar huggunar og uppljómunar. Við snæðum hádegisverð á veitingastað og eftirmiðdagurinn er frjáls fyrir hvern og einn að skoða sig um á eigin vegum.

26. mars | Habarana & fílar í Pinnawala

M / H / K



Eftir góðan morgunverð höldum við af stað til Habarana sem tilheyrir landsvæði sem kallað er Menningarlegur þríhyrningur Sri Lanka. Á leiðinni stoppum við í þorpinu Pinnawala sem er þekkt fyrir fílaathvarfið, Pinnawala Elephant Orphanage. Þar er hægt að sjá þessa ljúfu risa baða sig í Maha Oya ánni. Athvarfið gegnir stóru hlutverki í verndun fíla landsins. Við snæðum hádegisverð í þorpinu Pinnawala og höldum síðan áfram ferð okkar og komum til

Habarana þar sem við gistum næstu þrjár nætur.

27. mars | Skoðunarferð til Sigiriya

M / H / K

Við snæðum morgunverð á hótelinu og síðan verður haldið í skoðunarferð til Sigiriya.

Staðurinn er á heimsminjaskrá UNESCO og er mikilvægur með tilliti til fornleifa og sögu Sri Lanka. Við göngum upp á steinvirki sem rís í 200 m hæð yfir sléttturnar í kring og á upphaf sitt að rekja allt aftur til 5. aldar. Virkið er stundum kallað Ljónaklettur (Lion Rock). Það var byggt af konunginum Kasyapa og var hans aðsetur. Höllin stóð á toppi virkisins og þar mátti finna fallega skrautgarða, tilkomumiklar byggingar og varnarvirki. Seinna var þar búddamunkaklaustur allt fram á 14. öld. Á klettaveggjunum má finna ýmsar veggmyndir, meðal annars af Hinum heilögu



meyjum, sem þykja einstaklega fallegar og lýsandi fyrir hefðir og trúarhugmyndir þjóðarinnar í fornöld. Sigiriya er mikilvægur staður fyrir Sri Lanka búa og þykir veita innsýn inn í sögu landsins, menningu og þjóðfélög liðinna tíma. Á toppi virkisins er fagurt útsýni til allra átta.

28. mars | Skoðunarferð um Polonnaruwa

M / H / K

Í dag öikum við til Polonnaruwa sem einnig er á heimsminjaskrá UNESCO. Polonnaruwa var önnur höfuðborg Sri Lanka á miðöldum og þar er margt áhugavert að sjá. Við skoðum meðal annars rústir konungshallarinnar sem var byggð á 12. öld og er eitt mesta undur staðarins. Við sjáum einnig klettamusterið Gal Vihara þar sem risavaxnar myndir af Búdda hafa verið



höggna í hamarinn. Við skoðum einnig rústir áheyrnasals Nissanka Malla, sem var konungur ríkissins á 12. öld. Þar gefur að líta fallega útskorinn mánastein sem er eitt af einkennum búddalistar á Sri Lanka. Slíkir steinar eru einskonar þröskuldar áður en gengið er inn á heilaga staði. Lótusböðin í Polonnaruwa eru einstök með tilliti byggingarlistar og vatnsvirkjunar og við lítum á þau en lóthusblómið er heilög planta í búddisma, merki um hreinleika, uppljómun

og andlegan þroska. Við sjáum einnig útskorna bergstytta af Parakramabahu I sem var einn af merkustu konungum 12. aldar í Sri Lanka, fjölhæfur leiðtogi og verndari lista og lærdóms. Hér eru fleiri byggingar sem tengdar eru Parakramabahu eins og Kiri Vehera eða Mjólkurstrýtan sem tileinkuð var Búdda. Parakramabahu I kom einnig á fót uppistöðulóni, Parakrama Samudraya, sem nær yfir 2000 hektara. Við sjáum hof hindúagyðjunnar Shiva en það var byggt af Chola ættarveldinu á 11. öld. Á þessum tíma voru mikil samskipti við Indland á sviði trúar, listsköpunar og byggingarlistar og hönnun hofsins ber þess merki. Við skoðum einnig Galpotha, Steinbókina svokölluðu, rústir hins forna Tannmusteris Búdda og Dalada Maluwa Watadage, hringlaga musteri sem talið er að hafi verið byggt undir helgigripi tengda Búdda.



29. mars | Dambulla, Matale & Kandy

M / H / K

Eftir morgunverð á hótelinu liggur leið okkar til næststærstu borgar landsins, Kandy, sem er jafnframt miðstöð, menntunar, menningar og trúar. Á leiðinni skoðum við Dambulla hellana, eða Gullhofið í Dambulla sem á upphaf sitt að rekja allt aftur á 1. öld. Þetta eru fimm hellar sem öllum hefur verið breytt í helgidóm eða hof. Fallegar veggmyndir prýða vegg og loft og þar er urmull stytta. Við komum við í Matale,



kynnum okkur kryddmenningu landsins og heimsækjum kryddgarð þar sem við snæðum einnig hádegisverð. Eftir matinn höldum ferð okkar áfram til Kandy. Umhverfi borgarinnar er einstakt, grænar hæðir, teakrar og stöðuvötn. Við komum okkur fyrir á hótelinu þar sem við gistum eina nótt. Seinnipart dags förum við á sýningu þar sem Kandybúar skryðast fallegum búningum og dansa og spila. Eftir sýninguna er hægt að sækja kvöldathöfn í tannhofi Búdda í Kandy og upplifa kyrrlátt andrúmsloftið, reykelsin, olíulampana, söng búddamunkanna og blómaskrúðið sem þeir færa Búdda. Þetta er stund hugleiðslu, lotningar og friðsældar.

30. mars | Konunglegi grasagarðurinn & Nuwara Eliya

M / H / K

Nú er ferð okkar heitið í Hinn konunglega grasagarð í Perdeniya sem stendur að hluta við bakka lengstu ár landsins, Mahaweeli, og telur tæpar 150 ekrur. Svæðið þar sem garðurinn stendur á sér langa sögu en upphaf hans má rekja til nýlendutíma Breta. Megintilgangurinn var að efla landbúnað, skógrækt og garðrækt í landinu en í dag er grasagarðurinn einn sá ágætasti í Asíu og þar má finna plöntur hvaðanæva úr heiminum. Orkedíuhús garðsins er þekkt fyrir fágætt safn sitt af hinum ýmsu tegundum orkedía. Utandyra má finna ýmis sérsöfn plantna í yndisfögru umhverfi með bugðóttum stígum og rennandi vatni í tjörnum, gosbrunnum og lækjum. Eftir heimsókn okkar í grasagarðinn höldum við ferð okkar áfram og skoðum næst Rambodafossana og snæðum hádegisverð á samnefndum bæ. Eftir hádegðið höldum við áfram til borgarinnar Nuwara Eliya sem stendur í um það bil 6000 feta hæð yfir sjávarmáli. Vegna hæðarinnar er loftslagið aðeins svalara og þar er blómlegt um að lítast, frjósamur jarðvegur og mikil gróðursæld. Hér er hjarta teræktarinnar og héðan koma öll bestu te veraldar. Í landslaginu má sjá fagurgrænar teekrur, vatnsmikla fossa og friðsæl stöðuvötn. Hér gistum við í tvær nætur.



31. mars | Dagur í Nuwara Eliya

M / K



Við njótum dagsins í grænu borginni Nuwara Eliya oft nefndri *litla England* vegna nýlendustíls í byggingarlist og gróinna landsvæða í kring sem minna á búsældarlegar sveitir Englands. Eftir morgunverð höldum við í skoðunarferð um borgina og heimsækjum tebúgarð og -verksmiðju. Seinni hluti dags er frjáls.

1. apríl | Ella & Yala þjóðgarðurinn

M / H / K

Eftir morgunverð höldum við ferð okkar áfram áleiðis til Yala þjóðgarðsins sem staðsettur er í Uva héraðinu. Við stöldrum aðeins við í litla bænum Ella sem þekktur er fyrir náttúrfeegurð og afslappað andrúmsloft. Þar fáum við okkur hádegisverð. Bærinn stendur hátt uppi í landslaginu og fyrir neðan má líta algrænar teekrur, frjósama dali og tíguleg fjöll. Við öikum áfram í átt að Yala þjóðgarðinum við suðausturströndina þar sem við gistum næstu tvær nætur.

2. apríl | Safarí í Yala þjóðgarðinum

M / H / K



Við tökum daginn snemma í dag, fáum okkur te eða kaffi og bregðum okkur síðan í morgunsafarí í þjóðgarðinum. Það er líklegast að dýrin séu á ferli í ljósaskiptunum og við notum því tímann vel. Yala þjóðgarðurinn nær yfir 130.000 hektara og hefur verið athvarf fjölmargra dýrategunda síðan 1938 þegar garðurinn var stofnaður. Þar má finna yfir 40 tegundir spendýra og yfir 200 tegundir fugla. Þekktastur er garðurinn fyrir mikinn fjölda hlébarða og það

er ekki ólíklegt að sjá þeim bregða fyrir ásamt hjörðum fíla, letibjörnum, dádýrum, villisvínum, vatnabuffalóum, krókódílum og fjölmörgum tegundum fugla, stórra sem smárra. Garðurinn er sannkölluð paradís þeirra sem hafa yndi af fuglaskoðun. Við höldum aftur heim á hótél og fáum okkur góðan morgunmat og eigum rólega stund fram að hádegisverði. Við höfum það náðugt yfir heitasta tíma dagsins, rétt eins og dýrin í garðinum. Síðdegis höldum við aftur af stað í safarí og njótum þess litskrúðuga dýralífs sem garðurinn hefur upp á að bjóða.

3. apríl | Ahungalla



M / K

Í dag snæðum við morgunverð á hótelinu og ferðumst síðan til Ahungalla á vesturströndinni. Þar eru fallegar strendur og þar hyggjumst við njóta lífsins og slaka á næstu daga eftir viðburðaríkt ferðalag. Strandlengjan er umvafin skuggsælu pálmaskrúði og þar er tilvalið að fá sér sundsprett. Svæðið á sér langa sögu samskipta og verslunar við aðra

menningarheima, svo sem Araba, Persa og Evrópubúa.

4. apríl | Slökun í Ahungalla

M / K

Við njótum þess að eiga náðugan dag við fallega strönd. Engin skipulögð dagskrá.

5. apríl | Síðasti dagurinn í Ahungalla

M / K

Við njótum þess að eiga náðugan dag við fallega strönd. Engin skipulögð dagskrá fyrr en seinnipart dags þegar við borðum saman kvöldverð, kveðjum því næst Ahungalla og höldum út á flugvöll. Flugíð okkar fer um nóttina kl. 02:55

6. apríl | Heimferð

Flugið okkar frá Colombo flugvelli fer klukkan 02:55 að nóttu. Við lendum í Dubai klukkan 05:50 að staðartíma og fljúgum áfram til London kl. 09:40 og lendum í London kl. 14:25 að staðartíma. Brottför lokaleggsins heim til Íslands frá London er klukkan 21:25. Áætluð heimkoma á Keflavíkurflugvöll er kl. 23:35.



Hótel

Cinnamon Lakeside Colombo - 5* hótel í Colombo

- ✓ Þar er sundlaug, líkamsræktaraðstaða og heilsulind. Hótelið er staðsett í miðborginni við Beira vatnið, sem er vin í ys og þys borgarinnar. Við vatnið er fjölbreyttur gróður og mikið fuglalíf og þar er hægt að sigla á litlum bátum. Í miðju vatnsins er lítil eyja þar sem finna má eitt þekktasta búddahof Colombo búa, Seema Malaka.

Cinnamon Lodge - 5* hótel í Habarana

- ✓ Hótelið stendur á fallega grónu svæði við Habarana vatnið skammt utan við þorpið, þar er sundlaug og heilsulind.

Kandy Myst by Cinnamon - 5* hótel í Kandy

- ✓ Hótelið er borginni Kandy en er hannað þannig að fólk upplifi frí frá ys og þys borgarinnar. Það er þaksundlaug á hótelinu og gróskumikill fallegur garður.

Araliya Green Hills - 4* stjörnu hótel í Nuwara Eliya

- ✓ Hótelið stendur í fallegu grænu umhverfi í hálöndum Sri Lanka. Á hótelinu er sundlaug, líkamsrækt og þar er frábært útsýni yfir gróskumikla dali og heillandi fjöll í fjarska.

Cinnamon Wild - 4* hótel í Yala þjóðgarðinum

- ✓ Náttúrufegurð og dýralíf eru í aðalhlutverki á þessu skemmtilega hóteli sem stendur í jaðri þjóðgarðsins.

Heritage Ahungalla - 5* hótel í Ahungalla

- ✓ Hótelið stendur við Ahungalla ströndina, þar er sundlaug, líkamsrækt og heilsulind.



Verð

799.900 kr. á mann í tvíbýli | 176.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Áætlunarflug með Icelandair: Keflavík – Osló.
- ✓ Áætlunarflug með Emirates: Osló – Dubai – Colombo.
- ✓ Áætlunarflug með Emirates: Colombo – Dubai – Osló.
- ✓ Áætlunarflug með Icelandair: London – Keflavík.
- ✓ Flugvallarskattar fyrir alla ferðina.
- ✓ Allar rútuferðir í loftkældri rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Allar skoðunarferðir og aðgangseyrir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Jeppasafarí í Yala þjóðgarðinum.
- ✓ Gisting í 12 nætur í tveggja manna herbergi á 4 - 5* hótélum samkvæmt landsmælikvarða.
- ✓ Sjá í ferðalýsingu hvaða máltíðir eru innifaldar. (M = morgunverður, H = hádegisverður, K = kvöldverður)
- ✓ Enskumælandi staðarleiðsögn.
- ✓ Íslensk fararstjórn.
- ✓ Undirbúningsfundur með fararstjóra fyrir ferð.



Ekki innifalið

- ✓ Þjóf fé fyrir erlendan staðarleiðsögumann og rútabílstjóra.
- ✓ Aðrar máltíðir en þær sem taldar eru upp í ferðalýsingu.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.

